

Fundargerð 103. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 7. apríl 2025, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni landshluta
2. Hagræðingakröfur ríkisstjórnarinnar og byggðasjónarmið
3. Sóknaráætlunir landshluta 2025-2029 drög að minnisblaði
4. Byggðaaætlun
 - a) Aðgerð C.4 Borgarstefnan
 - b) Aðgerð B.7 Óstaðbundin störf
5. Önnur mál

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Albertína F. Elíasdóttir (SSNE), Baldur Þ. Guðmundsson (MNH), Dagný Arnarsdóttir (URN), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN) (vék af fundi eftir fyrsta dagskrárlið), Guðjón Björn Guðbjartsson (FOR), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Margrét Erlendsdóttir (HRN), Sigríður Eysteinsdóttir (UTN), Sigurður Steingrímsson (MNH), Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu), Þór Hauksson Reykdal (MRN), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Heba Guðmundsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Bryndís Eiríksdóttir (MAR) og Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR).

Formaður setti fundinn. Áður en gengið var til boðaðrar dagskrár greindi formaður frá því nýr verkefnisstjóri sóknaráætlana f.h. Byggðastofnunar, Heba Guðmundsdóttir væri tekin til starfa og var hún boðin velkomin.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni landshluta

Fyrir fundinn höfðu fulltrúar fengið til yfirlstrar áhersluverkefni frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi eystra (SSNE) og Vestfjarðastofu (FV) en eitt af verkefnum stýrihópsins skv. erindisbréfi er að staðfesta áhersluverkefni landshluta. Er sá háttur hafður á að fulltrúar ráðuneyta skoði sérstaklega vel þau verkefni sem tilheyra ábyrgðarsviði þeirra og eftir atvikum að upplýsa sitt samstarfsfólk um þau.

Fyrir fundinn lágu til staðfestingar samtals níu áhersluverkefni, eitt frá SSNE og átta frá FV. Góð umræða var um verkefnin sem öll voru staðfest af hálfu stýrihópsins, nokkur með ábendingum.

2. Hagræðingakröfur ríkisstjórnarinnar og byggðasjónarmið

Starfshópur um hagræðingu í ríkisrekstri skilaði af sér tillögum til ríkisstjórnar í byrjun mars sl. Lagði starfshópurinn m.a. til að stofnanir á ýmsum sviðum verði sameinaðar. Unnið er að því í Stjórnarráðinu að meta tillögurnar og eftir atvikum hrinda þeim í framkvæmd. Fram hefur komið, m.a. hjá forsætisráðherra,

að gætt skuli sérstaklega að byggðasjónarmiðum. Góð umræða var um málið og mikilvægi þess að byggðasjónarmiðum sé haldið á lofti við hagræðingu í ríkisrekstri, en áhyggjur eru víða á landsbyggðinni m.a. um að störf verði lögð niður eða flutt á höfuðborgarsvæðið. Rætt var um mikilvægi þess að treysta stefnu stjórnvalda um óstaðbundin störf og kynna betur bæði fyrir stofnunum og almenningi.

3. Sóknaráætlunir landshluta 2025-2029 drög að minnisblaði

Formaður fór yfir drög að minnisblaði um aðkomu ráðuneyta að sóknaráætlunum landshluta sem til stendur að fara með fyrir ríkisstjórn f.h. innviðaráðherra, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Í minnisblaðinu verður ríkisstjórnin upplýst um nýja samninga og nýjar sóknaráætlunir og ráðuneytin hvött til þátttöku.

Góðar umræður voru um drögin. Formaður, ásamt fulltrúum stýrihópsins (MNH og URN) munu klára að vinna minnisblaðið og senda á hópinn þegar lokaafurðin liggur fyrir.

4. Byggðaaætlun

a) Aðgerð C.4 Borgarstefnan

Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga um borgarstefnu fyrir Ísland sem kveður á um að þróa og efla tvö borgarsvæði á Íslandi, höfuðborgina Reykjavík og svæðisborgina Akureyri. Markmiðið með stefnunni er m.a. að jafna dreifingu byggðar á landinu og skilgreina og efla hlutverk borgarsvæða og mikilvægi þeirra í byggðastefnu stjórnvalda. Reinhard hjá Byggðastofnun fór yfir málefni borgarstefnunnar.

b) Aðgerð B.7 Óstaðbundin störf

Formaður greindi frá verkefninu og mikilvægi þess að stofnanir á höfuðborgarsvæðinu séu meðvitaðar um stefnuna og þá styrki sem í boði eru fyrir flutningi á störfum á landsbyggðina. Verkefnisstjóri greindi frá fjölda óstaðbundinna starfa sem nú þegar hafa verið samþykkt og flutt frá höfuðborgarsvæðinu í byggðir landsins.

5. Önnur mál

Engin önnur mál rædd. Næsti fundur er 5. maí samkvæmt áætlun. Stefnt að því að hafa staðfund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:04.